

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 1. nóvember 2018
UST201810-074/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Hraunsnef í Norðurárdal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu á landi Hraunsnefs í Norðurárdal í Borgarbyggð.

Í lýsingu kemur fram að sveitarfélagið áformar að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði í landi Hraunsnefs í frístundabyggð (F148) og innan frístundasvæðisins verða 12 frístundahús. Einnig kemur fram að núverandi skilgreining á Hraunsnefi í samþykktu aðalskipulagi er svæði fyrir verslun og þjónustu.


Umhverfisstofnun bendir að á þeim gögnum sem liggja fyrir er erfitt að greina hvort svæðið sem skipulagstillagan nær til liggja á svæði á náttúruminjaskrá númer 210 og nefnist Grábrókarhraun og Hreðavatn. Svæðinu er lýst sem fjölbreyttu og fögru umhverfi og fjölsótt útivistarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir raski ekki svæðum á náttúruminjaskrá. Í markmiðum laga nr 60/2013 um náttúruvernd segir m.a.: „Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.“

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur